

Fréttabréf UMSE

1. tbl. 29. árgangur 2014



UMSE og Bústólpi endurnýja samning

Í ágúst var undirritaður nýr styrktarsamningur milli UMSE og Bústólpa, en Bústólpi hefur verið aðal styrktaraðili UMSE til fjölda ára. Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE og Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri Bústólpa, undirrituðu samninginn í höfuðstöðvum Bústólpa á Akureyri. Samningurinn gildir árin 2014, 2015 og 2016.

Á samningstímanum veitir Bústólpi árlegan fjárfstyrk til sambandsins líkt og í fyrri samningum.

Nýjung að þessu sinni er að Bústólpi mun á samningstímanum veita árlega sérstakan styrk til uppbyggingar barna- og unglingastarfi. Styrkinn mun hljóta aðildarfélag UMSE sem að mati stjórnar UMSE hefur með einhverjum hætti skarað fram úr í barna- og unglingastarfi eða haft á sínum vegum sérverkefni sem miðar að uppbyggingu og/eða útbreiðslu barna- og unglingastarfsins.



Með samningnum eru undirstöður reksturs UMSE enn frekar tryggðar og mun starfsemi sambandsins þannig haldast öflug áfram. Stjórn UMSE færir Bústólpa bestu þakkir fyrir stuðninginn og samstarfið.

Breytingar á fréttabréfi UMSE

Stjórn UMSE ákvað að fréttabréf UMSE verði nú aðeins gefið út á rafrænu formi. Hingað til hefur bréfið verið sent inn á öll heimili á starfssvæði UMSE.

Hægt verður að fá fréttabréfið sent í tölvupósti eða nálgast það á vefsíðu UMSE. Einnig geta þeir sem þess óska fengið það sent með pósti á pappírformi.



Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Bústólpi er aðalstyrktaraðili UMSE. Bústólpi hefur þannig um áraraðir lagt sitt af mörkum við uppbyggingu þeirrar öfluglu íþróttastarfssemi sem nú er á starfssvæði UMSE.

Bústólpi framleiðir fóður fyrir nautgripi, sauðfé, svín, hross, varp-, og alifugla. Auk þess hefur fyrirtækið á boðstólnum úrval af sáðvöru, og áburði í litlum sem stórum pakkningum, á hagstæðu verði.

Fyrirtækið býr yfir áralangri reynslu í þjónustu við bændur, garðeigendur og skógræktarfólk.

Bústólpi selur einnig fôðursíló og aðrar vörur tengdar fôðrun og jarðrækt.

Heimsækið Bústólpa á www.bustolpi.is

Unglingalandsmótið á Sauðárkróki

Fjölmarginir keppendur frá UMSE tóku þátt á Unglingalandsmóti UMFÍ sem fram fór um verslunarmannahelgina á Sauðárkróki. Keppendur UMSE voru að þessu sinni 63 talsins. Krakkarnir tóku þátt í fjölmörgum greinum s.s. körfuknattleik, frjálsíþróttum, sundi, knattspyrnu, golfi, starfsíþróttum, strandblaki, hestaíþróttum, skák og FIFA-tölvuleik. Mótið var gott í alla staði og frammiastað krakkanna frábær, enda aðstaða til þess að halda Unglingalandsmót frábær á Sauðárkróki.

UMSE var að venju með stórt samkomutjald, þar sem boðið var upp á drykki og brauð á kvöldin og var fólk duglegt að hittast í tjaldinu. Líkt og undanfarin ár var boðið til grillveislu fyrir keppendur og aðstandendur þeirra á laugardagskvöldinu og má ætla að um 160-180 manns hafi tekið þátt í grillveislunni.

UMSE vill færa öllum þeim sem lögðu hönd á plóg kærar þakkir. Einnig þökkum við þeim fyrirtækjum sem lögðu okkur lið, en það voru Félagsbúið Áshóli, Ölgerðin, Nettó, Kaffibrennslan og Bústólpi, aðal styrktaraðili UMSE.

Eftifarandi keppendur unnu til verðlauna á mótinu:

Frjálsíþróttir

Guðmundur Smári Daníelsson, 2. sæti í kúluvarpi piltar 16 - 17 ára.

Helgi Pétur Davíðsson, 1. sæti í 100 m., 1. sæti í 800 m., 1. sæti í 80 m. grindahlaupi og 3. sæti kúluvarp í flokki pilta 14 ára.

Hrannar Snær Magnússon, 2. sæti 600 m. og 2. sæti í 60 m. grindahlaupi í flokki pilta 13 ára.

Kristín Brynjarsdóttir, 2. sæti í kúluvarpi stúlkna 15 ára.

Ólöf Rún Júlíusdóttir, 3. sæti í kúluvarpi stúlkna 18 ára.

Stefanía Sigurdís Jóhannudóttir, 1. sæti í hástökk stúlkna 15 ára.

Viktor Hugi Júlíusson, 1. sæti í langstökk, 2. sæti í 80 m. og 2. sæti í spjótkaсти í flokki pilta 13 ára.

Golf

Ólöf María Einarsdóttir 1. sæti í flokki, 14-15 ára stúlkna.

Hestaíþróttir

Hjörleifur Helgi Sveinbjarnarson, varð í 1. sæti í 100m skeiði unglingsflokkur (14-17 ára) á Náttar frá Dalvík.

Knattspyrna

Lið UMSE í flokki 13-14 ára stúlkna sem bar nafnið „Svarta tíkin hennar Helgu“ varð í fyrsta sæti. Í liðinu voru: Kolbrá Kolka Guðmundsdóttir, Rákel Sjöfn Stefánsdóttir, Rósa Dís Stefánsdóttir, Guðfinna Eir Þorleifsdóttir, Sandra Ósk Sævarsdóttir, Bríet Brá Bjarnadóttir, Særún Elma Jakobsdóttir, Ásrún Jana Ásgeirsdóttir, Helga Dís Magnúsdóttir, Snædís Ósk Aðalsteinsdóttir.

Elvar Óli Marinósson, varð í 1. sæti með liðinu "Ak XI" í flokki 17-18 ára.

Starfsíþróttir

Upplestur

Kristín Brynjarsdóttir, 3. sæti 15-18 ára.

Strandblak

Porri Mar Þórisson og Arnór Snær Guðmundsson urðu í 2. sæti í flokki stráka 13-15 ára. Liðið þeirra hét: "Reynir FC".

Karl Vernharð Þorleifsson og Guðmundur Smári Daníelsson urðu í 2. sæti í flokki stráka 16-18 ára. Liðið þeirra hét: "Vernharð".

Sund

Agnes Fjöla Flosadóttir varð í 2. sæti í 50 m bringusundi í flokki 11- 12 ára meyjja.

Amalía Nanna Júlíusdóttir varði í 1. sæti í 100 m og 50 m bringusundi í flokki 11- 12 ára meyjja og í 2. sæti í 100 m fjörsundi.

Hjörleifur Helgi Sveinbjarnarson varð í 1. sæti í 50 m bakundi, 2. sæti í 50 m og 100 m skriðsund og í 2. sæti í 50 m flugsundi og 100 m fjörsundi 15- 18 ára.

Tölvuleikur Fifa

Rúnar Helgi Björnsson og Ívar Breki Benjamínsson urðu í 1. sæti, en þeir skipuðu liðið "We Own FIFA."

Nánari úrslit af mótinu má nálgast á úrslitasíðu mótsins: <http://landsmot.umfi.is/>

Næsta Unglingalandsmót UMFÍ fer fram á Akureyri 30. sept. -2. ágúst 2015.

Landsmót 50+ á Húsavík í sumar

Landsmót 50+ á Húsavík

Landsmót UMFÍ 50+ fór fram á Húsavík síðasta sumar. Mótið gekk vel og voru um 400 keppendur skráðir til leiks. Met þátttaka var frá UMSE í þetta skiptið og voru samtals 24 frá okkur sem kepptu í blaki, bridge, pönnukökubakstri, frjálsíþróttum, golfi og þríþraut.

Sigríður S. Jónsdóttir frá Umf. Æskunni hélt uppþeknum hætti frá síðasta stóra Landsmóti UMFÍ og sigraði í pönnukökubakstri.

Dóra Kristín Kristinsdóttir og Gígja Kristín Kristbjörnsdóttir frá Golfklúbbnum Hamri sigruðu báðar í høggleik og punktkeppni. Dóra í flokki 50-64 ára og Gígja í flokki 65 ára og eldri.

Arna Hafsteinsdóttir frá Umf. Svarfdælum, stóð sig vel í frjálsíþróttakeppninni. Hún endaði í 1. sæti í lóðakasti, 2. sæti í spjótakasti, 3. sæti í langstökki og í 3. sæti í 100 m hlaupi í flokki 50-54 ára.

Svanhildur Árnadóttir frá Umf. Svarfdælum varð í 3. sæti í þríþraut. Þar skiptist keppnin upp í 400 m sund, 12 km hjólréiðar og 3 km hlaup.

Bridge-sveitir UMSE áttu einnig mjög gott mót. Sveit UMSE 1 sigraði keppnina en í henni voru Helgi Steinsson, Ævar Ármannsson, Árni Konráð Bjarnason og Gylfi Pálsson. Sveit UMSE 2 náðu 3. sæti á mótinu. Í henni voru Stefán Sveinbjörnsson, Marinó Steinarsson, Smári Víglundsson og Jón Anton Jónsson.

Blaklið UMSE fór með sigur af hólmi á mótinu. Liðið skipuðu Marinó Þorsteinsson, Kristján Tryggvi Sigurðsson, Gunnar Þór Garðarsson, Gunnsteinn Þorgilsson, Jón Ingi Sveinsson og Haukur Snorrason.

UMSE óskar þessu keppendum til hamingju með árangurinn á mótinu.

Úthlutað úr afreksmannasjóði UMSE

15. desember var úthlutað úr afreksmannasjóði UMSE. Að þessu sinni bárust sjóðnum 10 umsóknir og hlutu allir umsækjendur úthlutun. Umsækjendur koma úr mörgum greinum og úr nokkrum mismunandi aðildarfélögum. Stjórn UMSE úthlutar úr sjóðnum.

Eftirtaldir hlutu úthlutun:

- Arnór Snær Guðmundsson, golfari úr Golfklúbbnum Hamri
- Guðfinna Eir Þorleifsdóttir, skíðakona úr Skíðafélagi Dalvíkur.
- Bríet Brá Bjarnadóttir, skíðakona úr Skíðafélagi Dalvíkur.
- Guðmundur Smári Daníelsson, frjálsíþróttamaður úr Umf. Samherjum.
- Haukur Gylfi Gíslason, badmintonmaður, Umf. Samherjum.
- Helgi Halldórsson, skíðamaður úr Skíðafélagi Dalvíkur.
- Júlíana B. Gunnarsdóttir, frjálsíþróttakona úr Umf. Svarfdæla
- Ólöf María Einarsdóttir, golfkona úr Golfklúbbnum Hamri
- Stefanía Sigurðis Jóhannadóttir, frjálsíþróttakona úr Umf. Samherjum.
- Sveinborg Katla Daníelsdóttir, frjálsíþróttakona Umf. Samherjum.

Þessir einstaklingar eiga það sameiginlegt að vera efnilegir íþróttamenn sem hafa staðið sig frábærlega, hvert á sínum vettvangi, á árinu.

Opnunartími á skrifstofu UMSE:

Mánudaga frá kl. 11:00 til 15:00

Fimmtudaga frá kl. 11:00 til 15:00

Landflutningar
SAMSKIP

samskip

Til minningar um Villa

Laugardaginn 20. desember 2014, var kvaddur góður félagi, en þá var borinn til grafar Vilhjálmur Björnsson, Villi Hlaup eins og hann var ávallt kallaður.

Villi átti að baki áratuga starf, sem sjálfboðaliði innan raða Umf. Svarfdæla og UMSE. Hann starfaði mest í kringum frjálsíþróttir, þó hann hafi alla tíð haft mikinn áhuga á íþróttum almennt. Villi var mikill áhugamaður um Landsmót og Unglingalandsmót UMFÍ, en hann var ein helsta drifljóðurin í því að mögulegt var að halda fyrsta Unglingalandsmót UMFÍ á Dalvík 1992. Eftir það sótti hann öll Unglingalandsmótin, þar sem hann fylgdist ötullega með keppendum UMSE.

Villi var nánast fastafulltrúi á ársþingum UMSE, þá fyrir hönd Umf. Svarfdæla og sagt er að það eina sem gat haldið honum frá þátttöku þar, var söngur sem einnig var ástríða hans.

Á 70 ára afmæli sínu var Villi sæmdur Gullmerki UMSE, fyrir störf sín í þágu íþrótt- og félagsmála innan sem utan héraðsins. Villi hlaut fjölmargar aðrar heiðranir fyrir störf sín. Hann hlaut Starfsmerki UMFÍ 1983, heiðranir frá FRÍ fékk hann 1982 (Eir), 1984 (Silfur) og 1987 var hann sæmdur Gullmerki FRÍ. Árið 2008 heiðraði Dalvíkurbyggð Villa fyrir stuðning hans við íþróttastarf og íþróttafólk í sveitarfélaginu.

Óhætt er að segja að Villi hafi verið öflugur félagsmaður í alla staði. Hann var ötull við að laða ungmenni til keppni, auk þess sem hann lagði mikið á sig til að koma þeim til og frá æfingum og keppnisstöðum. Sagan segir að eitt árið hafi hann ekið með nokkra krakka frá Dalvík og Árskógsströnd 125 ferðir til Akureyrar og Hrafnagils á æfingar á einu ári. Hann sótti menn heim að bæjum til þess að aka þeim til keppni og var þá gjarnan með skottið á bílnum fullt af gaddaskóm í öllum stærðum og gerðum.



Villi var einnig þekktur fyrir að vera með stálminni. Hann mundi alla tíma, lengdir og annan árangur af flestum mótum og var hafsjór af fróðleik um íþróttasöguna. Fólk minnst gjarnan á, þegar upplýsingar vantaði um eitthvað sem tengdist íþróttum, að það þyrfti að fletta upp í Villa, slíkt var minni hans.

Villi var mikill ungmennafélagi og hans ævistarfi sem sjálfboðaliði innan íþrótt- og ungmennafélagsshreyfingar er mörgum til eftirbreytni.

Fréttir af síðasta ársþingi

Fimmtudaginn 13. mars fór fram 93. ársþing UMSE. Þingið var haldið að Rimum í Svarfaðardal, í umsjón Umf. Þorsteins Svörfuðar. Vel var mætt á þingið og voru þátttakendur alls 44, fulltrúar frá aðildarfélögum og stjórn, gestir og starfsmenn þingsins. Þess má geta að fulltrúar frá 11 af 13 aðildarfélögum voru á þinginu, auk fulltrúa stjórnar og var mætingin 80% af mögulegum heildarfjölda fulltrúa sem telst mikil aukning frá fyrri árum. Var þetta í fyrsta sinn sem þingið er haldið að kvöldi til á virkum degi, sem skýrir líkleg góða þátttöku að hluta til. Sammæltust viðstaddir um að þessi tilhögun væri gæfuspor.

Þingið gekk vel fyrir sig og voru umræður bæði liflegar og málefnalegar. Alls voru 16 tillögur samþykktar, sem munu eiga þátt í að móta starf UMSE næsta árið.



Að þessu sinni var kosið um formann, ritara og meðstjórnanda í stjórn UMSE. Nokkrar breytingar urðu á stjórninni, en Óskar Þór

Vilhjálmsón gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku. Einnig lét Kristlaug María Valdimarsdóttir af störfum sem ritari UMSE. Nýr formaður UMSE var kjörinn, Bjarnveig Ingvadóttir frá Umf. Svarfdælum, en hún snýr nú aftur til starfa innan íþróttahreyfingarinnar eftir nokkurra ár hlé. Ritari var kjörin Sigrún Finnsdóttir, Umf. Smáranum. Þorgerður Guðmundsdóttir, Umf. Samherjum, var endurkjörin sem meðstjórnandi. Í varastjórn voru endurkjörin Guðrún Sigurðardóttir, Umf. Svarfdæla og Sigurður Eiríksson, Umf. Samherjum.



Svanbjört Brynja Bjarkadóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í varastjórn og var í hennar stað kjörinn Gunnar Ingi Ómarsson, Umf. Æskunni. Aðrir sem sitja í stjórn UMSE eru Edda Kamilla Örnólfsdóttir, varaformaður, frá Hestamannafélaginu Funa og Einar Hafliðason, gjaldkeri, frá Umf. Þorsteini Svörfuði.

Á þinginu var að venju veittur Félagsmálabikar UMSE. Bikarinn er veittur af stjórn til þess félags sem talið er hafa staðið sig hvað best varðandi innra starf félagsins, bæði varðandi íþróttastarf og almennt félagsstarf. Að þessu sinni hlaut Umf. Smárinn bikarinn og tók formaður félagsins, Jónína Garðarsdóttir, við viðurkenningunni.

Þinggerðin er aðgengileg á vefsíðu UMSE, www.umse.is.

UMSE færir öllum þeim fulltrúum sem tóku þátt í þinginu þakkar fyrir vel unnin störf. Einnig er fráfarandi stjórnarfólki þökkúð þeirra störf í þágu UMSE og óskað velfarnaðar.

www.umse.is

Lítu við á heimasíðu UMSE
Þar finnurðu fréttir af starfi UMSE og aðildarféлага þess

Skrifstofa UMSE er opin á fimmtudögum kl. 11:00-16:00 og á föstudögum kl. 13:00-16:00.

Után þess tíma er hægt að hafa samband við framkvæmdastjóra í síma: 868-3820

eða tölvupósti: umse@umse.is

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir fyrsta fimmtudag hvers mánaðar.

Útgefandi:

Ungmennasamband Eyjafjarðar

Óseyri 2, 603 Akureyri.

Veffang: www.umse.is

Tölvupóstur: umse@umse.is

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marinósson